

# Áskoranir í raunfærnimati á Norðurlöndum



Greinargerð frá sérfræðinganefti NVL um raunfærnimat

## ARK

Sérfræðinganefti NVL um raunfærnimat hefur verið falið það verkefni að finna samnorrænar áskoranir er snúa að raunfærni. Þessi greinargerð byggir á skýrslum frá löndunum, rituðum vorið 2009. Auk þess að finna sameiginlegar áskoranir bendum við í greinargerðinni á þau sameiginlegu úrlausnarefni sem hægt er að setja í norrænt samhengi. Við bendum einnig á hvernig hugsanlega megi varpa ljósi á þau og þróa með markvissum, samnorrænum skoðanaskiptum og frumkvæði.

Norðurlöndin eiga ekki sameiginlegan iðorðaförða á þessu sviði. Í greinargerðinni kjósum við að nota skammstöfunina „ARK“ fyrir „anerkendelse af realkompetence“ (viðurkenning á raunfærni), sem nær nokkurn veginn danska og norska iðorðinu, en „validering“ (raunfærnimat) er notað um sama fyrirbæri á sænsku. Á íslensku notum við orðið raunfærnimat.<sup>1</sup>

Norðurlöndin eiga sameiginlega ríka hefð fyrir fullorðinsfræðslu og raunfærnimat er mikilvægur þáttur í uppbyggingu hennar. Því er vinna

tengd raunfærnimati framarlega í forgangsörð allra Norðurlanda. Nálgunin er þó ólík, bæði hvað varðar þróun stefnumótunar, kerfa og lausna og innleiðingu. Munur er á stöðu framkvæmda eftir löndum; sum löndin eru enn á verkefnis- og undirbúningsstigi, í öðrum er komin löggjöf sem leitast er við að fá framfylgt og enn önnur hafa komið sér upp traustara kerfi.

Þrátt fyrir ólíka nálgun og stöðu raunfærnimats eiga úrlausnarefnin sem bent er á í skýrslum frá löndunum margt sameiginlegt. Augsýnilega er flókið og tímafrekt ferli að þróa fagsviðið og til þess þarf mörg úrræði, jafnt pólitísk sem fjárhagsleg og fagleg. Sérfræðinganeft NVL telur því mikilvægt að íhuga hvort ekki væri hentugast að nálgast þessi úrlausnarefni í gegnum norrænt samstarf sem veiti þróuninni í hverju landi um sig aukið gildi og styrk.

Hér á eftir vörpum við ljósi á þau viðfangsefni sem við sáum að voru sameiginleg öllum löndunum. Þau tengjast bæði skipulagi og aðgerðum. Þeim er ekki raðað eftir mikilvægi eða forgangsörð netsins.

1 Bæði ARK, validering og raunfærnimat vísa til enska hugtaksins VPL: validation of prior learning.

1. Stefna í raunfærnimati	4
2. Innlend, samþætt uppbygging	5
3. EQF/NQF/ECVET	6
4. Fjárfestingar, áhrif og sjálfbærni	7
5. Tölfræði og skilgreining markhópa fyrir raunfærnimat	9
6. Sérstakir markhópar	10
7. Upplýsingar	11
8. Efling ráðgjafar í raunfærnimati	12
9. Færniþróun	12
10. Þróun aðferða	13
11. Samspil fyrirtækja og námsleiða	14
12. Samspil þriðja geirans og menntunar/atvinnulífs	15
13. Samspil í háskólageiranum	16
14. Áhrif raunfærnimats/ARK á kennslufræði	16
15. Viðhorfsbreyting	17
16. Samantekt athugasemda	18
17. Fylgiskjal 1 Útdráttur úr Evrópsku viðmiðunum um mat á raunfærni	19
18. Fylgiskjal 2 Fulltrúar í norræna sérfræðinganetinu um mat á raunfærni	19

## 1. STEFNA Í RAUNFÆRNIMATI

Í greinargerðum landanna kemur fram að innleiðing stefnu í raunfærnimati er háð því hvornig titið er á markmiðið með raunfærnimati í tengslum við atvinnulíf og menntun, bæði hvað varðar einstaklinga og samfélagið.

Raunfærnimat á Norðurlöndum tengist umgjörð formlegs menntakerfis. Innan þriðja geirans, ríkir ekki sterk hefð fyrir því að skrá færni í tengslum við þá starfsemi sem þar fer fram. Á vinnumarkaði er reynsla af því að skrá færni tengdri innri starfsþróun en í minna mæli í tengslum við fastsett námsmarkmið skilgreindra námsbrauta. Til að hægt sé að setja stefnu þarf samstarf og skilning milli geira hvað varðar skilyrði, forsendur og ábyrgð.

Í úttekt og flokkun á samnorrænum áskorunum er ekki úr vegi að skoða þær í samhengi við leiðir sem settar hafa verið fram innan Evrópu um jafngildingu á óformlegu og formlausu námi við formlegt nám. Margar þær áskoranir sem koma fyrir á Norðurlöndum eru þær sömu og í mörgum öðrum löndum innan Evrópusambandsins og öll Norðurlönd – einnig Noregur og Ísland – taka þátt í starfi ESB um raunfærnimat á óformlegu og formlausu námi. Þannig má benda á að raunfærnimat er hægt að

skoða frá evrópsku sjónarhorni, norrænu sjónarhorni og sjónarhorni einstakra landa.

Árið 2004 studdi Evrópuráðið sameiginlegt regluverk um greiningu og mat á raunfærni í óformlegu og formlausu námi<sup>2</sup> (fylgiskjal 1). Framsetning reglnanna er mjög óhlutbundin og markmiðið er að ýta undir þróun og innleiðingu aðferða og kerfa til raunfærnimats. Þær eru til þess ætlaðar að styðja við og auka gæði og trúverðugleika og eiga að tryggja sambærilegt aðgengi og kerfi innan ESB-ríkja. Í mörgum löndum hafa reglurnar síðan verið notaðar sem grundvöllur og viðmið fyrir gerð regluverks um raunfærnimat innanlands og það á einnig við um Norðurlönd. Segja má að starfið á Norðurlöndum sé í samræmi við evrópskar viðmiðunarreglur. Sameiginlegar áskoranir Norðurlandanna í raunfærnimati birtast með ýmsum hætti á evrópskum vettvangi. Þar af leiðandi verða norrænu úrlausnarefnin meira áberandi í evrópsku samhengi.

Evrópsku viðmiðin (European Guidelines) um raunfærnimat á óformlegu og formlausu námi eru annað evrópskt framtak sem vert er að tengja framsetningu samnorrænna úrlausnarefna.<sup>3</sup>

2 <http://www.ecotec.com/europeaninventory/>

3 [http://www.cedefop.europa.eu/etv/Upload/Information\\_resources/Bookshop/553/4054\\_en.pdf](http://www.cedefop.europa.eu/etv/Upload/Information_resources/Bookshop/553/4054_en.pdf)

Þau eru unnin upp úr sameiginlegum, evrópskum viðmiðunarreglum og eru hugsuð sem hagnýtt tæki og leiðbeiningar. Þau eru ætluð öllum hagsmunaaðilum og þátttakendum, til dæmis stjórnmalamönnum eða framkvæmdaaðilum sem vinna með raunfærnimat á öllum sviðum, þar á meðal í fyrirtækjum, starfsgeirum og samtökum.

Það er umhugsunarefni hvernig hægt sé að hagnýta sér þessi viðmið um mat á óformlegu og formlausu námi og sækja þangað hugmyndir um aðferðir og leiðir á grundvelli skilgreindra samnorræna úrlausnarefna, jafnt í mótun stefnu og í tengslum við fram-

kvæmd vinnunnar við raunfærnimat.

Það eru því ýmis úrlausnarefni á Norðurlöndum sem mætti skoða í evrópsku samhengi.

Sérfræðingarnet NVL um raunfærnimat telur að forsendur og meginreglur raunfærnimats geti verið tilvalið umfjöllunarefni á norrænni ráðstefnu þeirra sem koma að mótun stefnu.



## 2. INNLEND, SAMÞÆTT UPPBYGGING

Þróun kerfa við raunfærnimat er mismunandi eftir námsleiðum og atvinnugeirum. Þegar unnið er að þróun í löndunum er þörf á samhæfingu og aðlögun til að kerfið verði sveigjanlegt og þjóni tilgangi. Samskipti og tengsl á milli allra hlutaðeigandi hagsmunaaðila eru mikilvæg til þess að unnt sé að þróa aðferðir við mat á raunfærni á áreiðanlegan, gegnsæjan og traustan hátt. Miklu máli skiptir að allir njóti jafnræðis, óháð því hvar

matið fer fram, og að gætt sé að réttaröryggi einstaklinganna.

Þá er mikilvægt að tryggja samþættingu á milli viðkomandi ráðuneyta til að allir geti reitt sig á snurðulausa og skilvirka afgreiðslu. Við mótun stefnu fyrir ævinám þarf að huga að fjölbreyttum tilboðum í fullorðinsfræðslu og endurmenntun, sem og náms- og starfsráðgjöf, tækifærum til raunfærnimats og fjárstyrkjum og -framlögum bæði fyrir fólk í vinnu og atvinnuleitendum.

Pörf er á samhæfðum tilboðum jafnt fyrir vinnandi fólk og atvinnuleitendur með jöfnum aðgangi fyrir alla. Löggjöf ætti að fylgja og styðja við samhæfðar aðgerðir og umbótaferli verða að vera samþætt.

Það er vandasamt að skapa gagnsætt kerfi með greinilegri skiptingu ábyrgðar – hver ákveður hvað á hvaða stigi og hvaða grundvelli? Í þeim efnum mætti byggja á reynslu Norðmanna af samvinnu sveitarfélaganna og norsku vinnu-  
málastofnunarinnar (NAV)<sup>4</sup>

Sérfræðingaset NVL um raunfærni telur að þessi málefni væru einnig tilvalið umfjöllunarefni á norrænni ráðstefnu á sviði stefnumótunar. Þau væru einnig áþreifanlegur grundvöllur fyrir tvíhliða samstarfi.




### 3. EQF/ NQF/ECVET

Markmið evrópska viðmiðarammans, EQF, er að auka sveigjanleika, skilvirkni og hreyfanleika á sviði menntunar og atvinnulífs. Norðurlöndin eru mislangt komin með þróun á eigin viðmiðaramma. Ramminn getur skipt miklu máli fyrir þróun samspils formlegrar og óformlegrar þekkingar í framtíðinni og verður að skoðast í samhengi við raunfærni-  
mat. Viðmiðarammarnir opna fyrir möguleika á yfirfærslu hæfni milli

landa, án þess að verkfæri og aðferðir séu endilega þau sömu. Grundvöllur matsins tekur mið af aðstæðum í hverju landi en hægt er að bera saman niðurstöður matsins. Það þarf að vera ljóst hvernig hæfni er staðsett innan rammans og einnig viðurkennt að aðgengi að fræðslu og færniþróun er mismunandi. Ræða mætti hvort hægt sé að koma á norrænu aðgengi að National Qualification Framework (Íslenski viðmiðaramminn), þannig að

4 Í Noregi hefur Vox og vinnu-  
málastofnunin (NAV) unnið að þróunarverkefni með það fyrir augum að NAV notfæri sér tilboð sveitarfélaganna um mat á raunfærni. Meðal annars hefur verið gerð rafræn handbók og komið á rafrænum samskiptum milli NAV og sveitarfélaganna í gegnum leitargrunn sveitarfélaganna (VIGO).



NQF geti stutt við menntakerfin og færniþróun í stað þess að vera stjórnunar- og stýringarverkfæri. Hægt væri að stefna að auknu svigrúmi fyrir fjölbreytileika og

samhengi sem einkenna menntun á Norðurlöndum. Hægt er að tengja það því að tryggja öllum aðgengi að menntunarkerfi og færniþróun.

---

Sérfræðingarnet NVL um raunfærni telur að miðlun reynslu á milli landanna á hvernig viðmiðarömmum hvers lands er í reynd ætlað að tengjast raunfærnimati gæti skilað góðum árangri. NVL netið telur hagkvæmt að koma á fót norrænu samstarfi með það að markmiði að prófa hvort mögulegt sé að koma á

sambættu ECVET-kerfi. Sökum þess hve alþýðufræðslan skipar ríkan sess á Norðurlöndunum felst sérstök áskorun í því að tryggja að í kerfum viðmiðamiðarammanna felist tækifæri til þess að meta óformlega færni sem og færni sem aflað hefur verið í atvinnulífinu.



## 4. FJÁRFESTINGAR, ÁHRIF OG SJÁLFBÆRNI


Nauðsynlegt er að kanna fjármál og reglur til þess að fá yfirsýn yfir fjárfestingar og ávinning – á þann hátt er hægt að gera mat á raunfærni að aðlaðandi kosti og stuðla að sjálfbærni. Móta verður víðari sýn á sjálfbærni þannig að hún nái yfir og styðji við ásetning ævimenntunar um velferð, almenna færniþróun, lýðræði og samfélagsvirkni.

Í skýrslum fleiri landa er bent á nauðsyn þess að kanna ávinning og arðsemi af raunfærnimati. Nauðsynlegt er að reikna út og

kynna jafnt einstaklingsbundinn sem efnahagslegan ávinning samfélagsins af raunfærnimati, bæði til skemmri og lengri tíma. Reyndar telur NVL netið að innan hvers lands eigi að tryggja fjármagn sem gerir kleift að hringa pólitískum ásetningi í framkvæmd, í senn almennt og með tilliti til sérstakra markhópa.



## 4.1 Samfélag



Óhætt er að fullyrða að í raunfærnimati felist ávinningur fyrir samfélagið, t.d. með betri nýtingu menntunar, en erfitt er að áætla nákvæman kostnað við raunfærnimat sem og þau áhrif sem stytting á námstíma hefur í för með sér. OECD<sup>5</sup>, Efnahags- og þróunarstofnun Evrópu, hefur m.a. mælt með því að í Noregi verði tekin upp betri skrásetning á sparnaðinum sem kann að fást með raunfærnimati og aðlöguðum námsleiðum. Á Íslandi hafa menn reynslu af að reikna út kostnað og ávinning bæði fjárhagslegan og hvað varðar færniþróun tengdri fjárfestingu í raunfærnimati og komist að þeirri niðurstöðu að slíkt borgi sig. Upplýsingar sem þessar eru þýðingarmiklar og stuðla að aukinni eftirspurn eftir raunfærnimati.

## 4.2 Skipulagsheildir

Kostnaður við sjálfa matsvinnuna hefur áhrif á fjárhag; útgjöld vegna mats á raunfærni varða bæði fræðsluaðila og vinnumarkaðinn. Þetta mætti kanna með góðum árangri með tölfræðilegum aðferðum í hverju landanna.

## 4.3 Einstaklingar

Viðfangsefnin varðandi einstaklingsbundinn ávinning eru flóknari og gera tilkall til eiginlegra aðferða. Frá sjónarhóli fyrirtækja getur hann verið tengdur starfsframa og bættu vinnuumhverfi eða tengst tækifærum einstaklingsins til aukins þroska.

Sérfræðingasetning NVL um raunfærni sannreynði að lítið sem ekkert efni er til á Norðurlöndunum um þetta viðfangsefni. Að okkar mati myndi norrænt framtak ekki skila miklu til

starfsins í einstökum löndum en lýsing á mismunandi aðferðum, til að skilgreina samhengið á milli útgjalda, ávinnings og sjálfbærni væri tilvalið umfjöllunarefni í samnorrænni greinargerð.

5 OECD 2007: Recognition of non-formal and informal learning. Country note for Norway



## 5. TÖLFRÆÐI OG SKILGREINING MARKHÓPA FYRIR RAUNFÆRNIMAT

**N**auðsynlegt er að koma á kerfisbundinni tölfraði yfir umfang raunfærnimats, hverjir nota það, hvaða áhrif það hefur, og á hvaða fagsviðum og plönum því er beitt, hversu mikil stytting verður á námstíma og athuga hvort hægt er að greina sameiginleg mynstur.

Tölfraðigögn nýtast fyrst og fremst til stefnumótunar innanlands en söfnun þeirra og kynning hlýtur líka að geta komið að notum sem grundvöllur að samanburði milli landanna.

Nauðsynlegt er að nota eigindlegar rannsóknir í bland við meginlegar upplýsingar. Til að samanburður á milli landa sé marktækur er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hvaða upplýsingar gögnin eiga að veita. Einkar mikilvægt er að hyggja að gagnatryggi í þágu almennra borgara þegar raunfærnimat á í hlut.

---

Sérfræðingarnet NVL um raunfærni telur skynsamlegt að Norðurlöndin komi á fót nánara samstarfi í því skyni að bera saman gögn

og tölfraðiupplýsingar um raunfærnimat. Slíkt á fyrst og fremst að vera innan tengslanets sérfræðinga í tölfraði.



## 6. SÉRSTAKIR MARKHÓPAR

A lmennt má segja að þegar fólk með stutta formlega menntun á í hlut þurfi að leggja áherslu á hvatninguna sem felst í mati á raunfærni. Það er mikil áskorun að ná til markhópanna þar sem þörfin er mest.

Í skýrslum frá löndunum er bent á að sérstaklega þurfi að huga að því að tryggja atvinnulausu fólki tækifæri til að fá mat á raunfærni – ekki síst í niðursveiflu þegar aukinn þrýstingur er á sveigjanleika vinnuafsisins til að aðlagast nýjum aðstæðum. Sé of einhliða horft til vinnumarkaðarins og starfa sem eru í boði eykst hættan á að tækifærum atvinnulausra á raunfærnimati verði settar skorður. Tilhneiging til þess sést greinilega í m.a. finnska kerfinu.

Önnur áskorun tengist því að beita raunfærnimati á virkan hátt í viðleitni til að hjálpa minnimáttar eða ístöðulausum ungmendum til að finna sér markmið þegar þau hafa hætt námi og finna engin störf fyrir ófaglærða á tímum niðursveiflu í hagkerfinu.

Mikilvægt er að tryggja einstaklingum af erlendu bergi brotnu tækifæri til þess að sýna hvað þeir geta, í sérstaklega skipulögðu raunfærnimatsferli og þar með

nýta þá möguleika sem felast á samþættingu sem felast í mati á raunfærni þeirra. Í þessu samhengi er sérstaklega bent á þörf fyrir sveigjanlegar aðferðir við söfnun gagna og skráningu á færni, því að þarna kann að vera um að ræða þekkingu sem einstaklingar geta ekki lagt fram gögn um með hefðbundnum hætti.

Þá þarf að hafa sértækar þarfir einstaklinga í huga við val á matsaðferðum, t.d. þegar um er að ræða lestrar-, skriftar- og stærðfræðiorðugleika. Nota verður sérstakar aðferðir og nálgun til að tryggja að hópar fólks með ólíka fötlun eigi einnig möguleika á að ljúka raunfærnimati.

Í fangelsum væri hægt að vinna með greiningu og mat á raunfærni fanga. Reynsla NVL af fangelsisfræðslu og þriggja ára norskt verkefni um raunfærni í fangelsum getur orðið öðrum Norðurlandaþjóðum innblástur.

Í stuttu máli lítur netið á raunfærnimat sem möguleika til að hjálpa þeim sem minnst mega sín og jaðarhópum til að komast áfram og nálgast menntun eða vinnu. Vandinn liggur í því að hanna kerfi sem tekur í senn tillit til þarfa fyrirtækja, samfélagsins og raunverulegrar getu tiltekinna markhópa.

Á tímabilinu sem nú fer í hönd vill sérfræðingarnet NVL um raunfærni gjarnan stefna að því að Norðurlöndin safni saman reynslu og nái þannig yfirsýn yfir hvernig tekist er á við möguleika og hindranir fyrir sérstaka markhópa í raunfærnimati. Það verður

gert með námsstefnum þar sem miðlað er reynslu af niðurstöðum úr verkefnum og átaki á sérstökum sviðum í hverju landi. Þetta gæti ef til vill orðið fyrsta skref að gerð skipulegra yfirlits um reynslu og heilræði í sambandi við tiltekna markhópa.



## 7. UPPLÝSINGAR

Í öllum löndunum er bent á þörfina fyrir aukin samskipti og upplýsingar um tækifæri raunfærnimatsins. Upplýsingarnar ættu annars vegar að beinast markvisst að einstaklingum og hins vegar að hlutaðeigandi aðilum svo sem vinnumiðlunum, stéttarfélögum og þriðja geiranum. Þetta krefst nýrrar þekkingar og færni á meðal stjórnenda, ráðgjafa og kennara ásamt uppfærslu og þróunar á vefsíðum. Einnig er mikilvægt að vinnumarkaðurinn fái upplýsingar þar sem ávinningur af raunfærnimati er ekki aðeins einstaklinganna, heldur einnig fyrirtækjanna og

samfélagsins. Auk þess þarf að styrkja aðferðir til þess að ná til markhópanna, gera þær skilvirkari, t.d. með menntunarsendiherrum, náms- og starfsráðgjöfum og í samvinnu við aðra hlutaðeigandi. Raunveruleg dæmi geta veitt mönnum innblástur.

Sérfræðingarnet NVL um raunfærni telur að innan hvers lands þurfi að bæta upplýsingaflæði en bendir á að fræðslustofnanir og ekki síst þeir sem koma að ráðgjöf gegni sérstaklega mikilvægu hlutverki.



## 8. EFLING RÁÐGJAFAR Í RAUNFÆRNIMATI

**M**ikilvægt er að líta á raunfærnimat sem samfellt ferli frá upplýsingum, skimun með gagnasöfnun til mats og hugsanlega staðfestingar. Spurningin er aftur á móti hvort nægileg áhersla sé lögð á þann hluta ferilsins sem snýr að skimun og gagnasöfnun. Margar rannsóknir, ekki síst alþjóðlegar, benda til þess að skimun, gagnasöfnun og sjálfsmat gefi auknið innsæi í eigin getu og séu hvetjandi. Það hefur áhrif á viðhorf gagnvart áframhaldandi menntun og námi í framtíðinni. Í Danmörku er meðal annars rætt um hvort leggja eigi meiri áherslu á „fyrstu stigin“, með viðameiri ráðgjöf.

Sérfræðingarnet NVL um raunfærni staðfestir að á Norðurlöndunum sé þróun náms- og starfráðgjafar fyrir fullorðna (námsráðgjöf, starfsráðgjöf og ráðgjöf og leiðbeiningar hjá vinnumiðlunum) mislangt komin. Við álítum að miðlun reynslu hlutaðeigandi aðila sem koma að raunfærnimati á norrænum vettvangi æskilega og bendum á að í því skyni þyrfti að koma á samstarfi við ráðgjafarnet NVL.



## 9. FÆRNIÞRÓUN

**R**ík þörf er fyrir færniþróun fagfólks sem kemur að mismunandi þáttum raunfærnimats. Til dæmis er brýnt að tryggja aðkomu fagfólks að sviðinu, og að farið verði eftir evrópsku viðmiðunarreglunum um siðfræðilegar kröfur til fagfólksins. Skilgreina þarf skýrt hvaða kröfur þarf að uppfylla til að koma að

raunfærnimati. Nauðsynlegt er að þróa markviss menntunarræði, jafnt í því sem lýtur að ráðgjöf og faglegu mati, og tryggja að starfsfólk í stjórnunarstöðum, sem oftast en ekki ber ábyrgð á fyrstu samskiptunum við einstaklingana, búi yfir nauðsynlegri kunnáttu og færni. Færniþróun er nauðsynlegur þáttur í gæðatryggingu sviðsins og

ætti að stuðla að því að gæði séu áþekkt.

Í löndunum er reynsla af tilteknum námsferlum þar sem litið er til innihalds og skipulags, m.a. hafa Íslendingar góða reynslu af verkefnaskipulagi í einmitt svona menntun.

Einn möguleikinn væri að starfsmenn sem eiga að annast ýmsa þætti raunfærnimatsins fengju vottun.

Sérfræðinganeftir NVL um raunfærnimat telur nauðsynlegt að auka fagmennsku innan sviðsins og skilgreina betur verkefni, ábyrgð og viðmið fyrir þá sem vinna með raunfærnimat. Þessu verki þarf að sinna bæði innanlands og í samstarfi við aðrar Norðurlandabjóðir. Ítarleg lýsing á fyrirkomulagi og verkefnum í löndunum gæti veitt gagnkvæman innblástur og miðlað reynslu á milli landa.



## 10. PRÓUN AÐFERÐA

Lýst er eftir aðferðum til að tryggja gæði ferlisins. Frá Íslandi berst ábending um að aðferðirnar eigi í senn að vera hægt að nota við einstaklinga- og/eða í hópferli. Á Álandseyjum er talið mikilvægt að þróa aðferðir eftir aðstæðum í hverju landi. Í sænsku skýrslunni er óskað eftir „skilvirkum raunfærnimatsferlum“. Áskoranirnar eru metnar á nokkuð ólíkan hátt því að það er bæði þörf á að stefna að viðmiðum í því skyni að móta viðurkenndar aðferðir og eins er nauðsynlegt að hægt sé að beita aðferðunum í sértæku samhengi. Það er sem sagt þörf á „safni“ aðferða sem geta bætt hver aðra upp.

Löndin benda á áskorunina sem felst í því að tryggja úrræði við raunfærnimat sem ná yfir sambland aðferða sem henta í

reynd til að gera þögla þekkingu sýnilega á áreiðanlegan hátt. Þegar markhópar með sértækar þarfir eiga í hlut þarf að aðlaga aðferðir að grunni reynslu af sérkennslu.

Umfram allt er verðugt verkefni að þróa aðferðir sem styðja við trúverðugleika, áreiðanleika og notagildi fyrir viðtakendur. Nú er verið að vinna að greiningu á rafrænum verkfærum og sá þáttur gæti lagt grunninn að frekari miðlun reynslu milli Norðurlandanna.

Sérfræðinganeftir NVL um raunfærni telur að það væri til góðs að Norðurlandabúar miðluðu hver öðrum af reynslu af aðferðum. Vinnulagið gæti verið sambland af: lýsingum, raundæmum og sértækum námsstefnum.



## 11. SAMSPIL FYRIRTÆKJA OG NÁMSLEIÐA

Raunfærnimat getur stuðlað að aukinni vitneskju innan fyrirtækja um færni starfsmanna og greiningu á fræðsluþörf. „Það ýtir undir betri og markvissari nýtingu opinberra námsleiða sem þátt í færniþróun starfsmanna,“ segir til dæmis í danski löggjöf. Við núverandi aðstæður á vinnumarkaði getur raunfærnimat leikið mikilvægt hlutverk. Á hinn bóginn er það áskorun að koma á samspili á milli innra skipulags fyrirtækja við færniþróun og beitingu raunfærnimats. Fyrirtæki skrá og meta færni starfsmanna með hliðsjón af verkefnum og þróun fyrirtækisins en fræðslustofnanir skrá og meta með hliðsjón af námsmarkmiðum. Margt er háð því að bæði vinnuveitandi og launþegi sjái tilganginn með raunfærnimati og líti meðvitað og virkt á vinnustaðinn sem fræðslusvið og stað þar sem færni verður til.

Íslendingar leggja áherslu á mikilvægi þess að skapa samstöðu milli allra aðila um raunfærnimat og að samhljóða álit náist um aðferðir. Þess vegna skiptir miklu máli að allir hagsmunaaðilar taki þátt í ferlinu. Atvinnulíf og fræðsluaðilar tala ekki alltaf sama tungumál en á Íslandi hefur til dæmis fengist reynsla af því að fastmótað/skipulagt samstarf stuðlar að betri samskiptum.

Norðmenn benda á að könnun og skrásetningu raunfærni á vinnumarkaði verði að treysta með

samkomulagi á hverju svæði til að ná árangri. Það er áskorun að öðlast yfirsýn yfir gildandi samninga og aðkoma hagsmunaaðila að raunfærnimati er nauðsynleg, bæði á sviði sveitarstjórna og á landsvísu.

Hugtakið umbreyting er miðlægt í raunfærnimati á færni sem áunnist hefur í starfi. Hvernig er hægt að taka það sem lærist í einu samhengi og umbreyta því og nýta í öðru samhengi? Á þessu rannsóknasviði þarf að skilgreina og auka við þekkingu.

---

Sérfræðingarnet NVL um raunfærni telur að norræn miðlun reynslu innan starfsgreina gæti verið æskilegt markmið, þar sem fyrir liggur yfirgripsmikið efni sem aðilar starfsgreinanna í hverju landi hafa aflað um málið. Auk þess þarf að rannsaka nánar umbreytingu námsárangurs úr óformlegu og formlausu samhengi. Netið telur að þessar rannsóknir megi með góðum árangri framkvæma innan Norðurlandanna, gjarnan í tengslum við norræn þróunarverkefni innan Nord plus menntaáætlunarinnar.





12.

## SAMSPIL ÞRIÐJA GEIRANS OG MENNTUNAR/ATVINNULÍFS

Þriðji geirinn er hugtak sem er notað yfir sjálfbodastarf í tómstunda-og félagsstarfi, og alþýðufræðslu þar sem óformlegt og formlaust nám á sér stað. Innan þriðja geirans er ekki hefð fyrir því að skrá færni úr námskeiðum, eða af trúnaðarstörfum og annarri starfsemi. Koma þarf á kerfum til að skrá slíka raunhæfni til þess að komast hjá óþarfa vinnu og kostnaði.

Skráning á færni úr sjálfbodavinnu og starfi innan félagasamtaka getur í sjálfu sér verið mikilvæg til að hvetja og örva einstaklinga til lýðræðislegrar þátttöku, eins og reynsla Dana sýnir. Ef hrinda á í framkvæmd ásetningi um að gera óformlegt nám í þriðja geiranum sýnilegt þurfa alþýðufræðslustofnanir að axla ábyrgð á að koma á fót markvissum lýsingum sem hægt er að nota til skráningar og ýta undir raunfærnimat með það fyrir augum að nýta það til menntunar eða á vinnumarkaði.

Viðfangsefnin sem þarf að leysa, felast í hvoru tveggja, að skjalfesta nám og styðja þátttakendur við

að leggja fram góða, skipulega staðfestingu færni sem aflað hefur verið á þennan hátt. Þá þarf að tryggja að stofnanir innan formlega skólakerfisins taki við og viðurkenni slík gögn. Vinnuveitendur gera það í vissum mæli þegar þeir ráða starfsfólk. Óháð því hvort nýta á hæfni sem orðið hefur til innan þriðja geirans í tengslum við vinnustað eða í tengslum við formlega menntun er það viðamikil viðfangsefni að að flytja niðurstöður mats á námsáranguri milli ólíkra sviða.

---

Að mati sérfræðingans NVL um raunfærni væri norræn miðlun reynslu, af skrásetningu færni sem aflað er innan þriðja geirans, á norrænum vettvangi afar gagnleg fyrir löndin. Því gæti til dæmis starfshópur með fulltrúum beggja; þriðja geirans og menntakerfisins áorkað.



## 13. SAMSPIL Í HÁSKÓLAGEIRANUM

Í skýrslum frá sumum landanna er bent á að háskólar og fagháskólar hafi komið sér upp ólíkum aðferðum fyrir aðgengi að framhaldsmenntun/háskólanámi vegna raunfærni. Í sambandi við undanþágur frá prófum eða könnunum á framhaldsmenntun/háskólanám og styttingu námsstíma vegna raunfærni verður vart við áhyggjur af því að undanþágurnar kunni að lækka gæði menntunarinnar.

Þá þarf að ráða fram úr hvernig standa á undir beinum útgjöldum vegna ARK/raunfærnimats. Til að raunfærnimat verði viðurkennt gjaldgengt í þessum geira skiptir máli að gæði raunfærnimatsins séu tryggð.

Sérfræðingarnet NVL um raunfærni telur að á sviði háskóla og framhaldsmenntunar megi vinna sameiginlega að mörgum þáttum á norrænum vettvangi. Það væri vel viðeigandi að halda norræna námsstefnu í samvinnu við ráðgjafahóp Norrænu ráðherranefndarinnar á þessu sviði.



## 14. ÁHRIF RAUNFÆRNIMATS/ ARK Á KENNSLUFRÆÐI

Vinna með raunfærni krefst nýrrar hugsunar innan kennslufræða og nýrrar hugsunar í stofnunum ef fella á raunfærnimat inn í sjálfa kennsluna og samhæfa henni. Fjölmargar spurningar koma fram, til dæmis: Hvernig byggir nám í reynd ofan á það sem einstaklingur kann?

Hvernig á að tryggja einstaklingsbundið aðgengi? Hvernig á að skipuleggja styttingu náms með tilliti til samnemenda? Hvernig má festa í sessi sérsniðnar námsleiðir? Hvenær er mikilvægt að votta færni fremur en að mæla með því að einstaklingur leggi stund á allt námið?

Sérfræðingarnet NVL um raunfærni telur að þessi viðfangsefni séu mikilvægur hluti af færniþróun kennara. Á norrænum grundvelli mætti

halda námskeið um þessi atriði fyrir þá sem bera ábyrgð á jafnt grunnmenntun sem endur- og framhaldsmenntun kennara.



## 15. VIÐHORFSBREYTING

Með áskorunin við raunfærnimat er ekki að setja lög og reglugerðir og mæla með aðferðum heldur að innleiða þær. Sameiginlegu evrópsku viðmiðin um raunfærnimat hafa þess vegna ekki heldur áhrifamátt einar sér, heldur geta þær virkað sem pólitísk lyftistöng.

Það er mikil áskorun að breyta viðhorfum innan formlega menntakerfisins þannig að raunfærni verði viðurkennd til jafns við formlega hæfni. Innan allra kerfa ríkir viss tregða til breytinga, menn vilja framkvæma hlutina eins og þeir eru vanir. Í flestum Norðurlandanna, er raunfærnimatið fellt í ramma formlega menntakerfisins og mætir þar vissri tregðu. Í menntakerfinu líta menn á það sem meginverkefni sitt að bjóða upp á menntun á meðan raunfærnimat býður upp á valkost sem gerir formlega menntun óþarfa ef viðkomandi hefur náð í færninna með öðrum hætti.

Þess vegna hefur verið stungið upp á því í nokkrum löndum að

koma upp óháðri utanaðkomandi matsstofnun sem tryggir hlutlægni og gæði raunfærnimats. Sem dæmi um slíka stofnun má nefna Kenningscentrum í Hollandi eða hina dönsku Videncenter for realkompetencevurdering.

Sérfræðingarnet NVL um raunfærni telur að í þessu felist tvö meginverkefni:

- að breyta viðhorfum innan formlega menntakerfisins þannig að raunfærni verði viðurkennd sem jafngild formlegri hæfni og þar af leiðandi verði þróaðar aðferðir til að meta jafnt skrásetta sem óskrásetta færni
- að gera aðila á vinnumarkaði og í þriðja geiranum meðvitaða um að vönduð skráning á færni sem aflað hefur verið í gegnum óformlega fræðslu skapar grundvöll til að meta þessa tegund færni



## 16. SAMANTEKT ATHUGASEMDA

**S**tefnumið, stýring og framkvæmd eru mikilvægir þættir í þróun raunfærnimatskerfis. Það nægir hins vegar ekki að koma upp viðmiðum og stýringu. Það nægir heldur ekki að koma á hagnýtum aðferðum við raunfærnimat. Allir þættir þurfa að vera til staðar í sjálfbæru kerfi. Brýnasta úrlausnarefnið er að fá það til að virka í reynd. Innleiðing krefst skilnings og umræðna um viðhorf, bæði hvað varðar einstaklinga og samfélag.

Samhæfing, umræður og greinileg skipting ábyrgðar milli ýmissa stofnana og hlutaðeigandi aðila eru forsendur fyrir því að koma á skilvirku raunfærnimatskerfi.

Tenging við innlenda og evrópska viðmiðaramma (EQF, ECVET) veitir aukinn sveigjanleika og hreyfanleika. Mikilvægt verkefni er að fella óformlegt nám inn í þessa ramma.

Forsendan er sú að raunfærnimat hafi jákvæð efnahagsleg áhrif innan samfélagsins og að áhrifanna verði einnig vart á sviðum velferðar og lýðræðis. Þess vegna er mikilvægt að finna aðferðir til að sanna svo ekki verði um villst langfima-ávinning fyrir jafnt einstaklinga sem samfélag.

Jaðarhópar eiga að hafa sömu möguleika á raunfærnimati og

aðrir borgarar. Til að tryggja það þarf sveigjanlegar og sérsníðnar aðferðir. Til að tryggja að raunfærnimat skipti máli fyrir allt samfélagið verða upplýsingar um tækifærin að ná til allra aðila. En upplýsingar nægja ekki einar sér, þær verður að tengja markvissum tilboðum um ráðgjöf og heildarsýn á raunfærnimatsferlið – frá fyrstu upplýsingum til endanlegs árangurs.

Stöðugt mat á framvindu er forsenda fyrir gæðapróun. Til að tryggja gæði raunfærnimats þarf aukna fagmennsku. Öllum sem vinna við raunfærnimat ætti alltaf að standa til boða færniþróun á sínu sviði.

Allir hagsmunaaðilar hafa til mikils að vinna með nánara samstarfi fyrirtækja og fræðsluaðila. Með yfirsýn yfir færni er hægt að bera kennsl á fræðsluþörf fyrirtækis og einstaklinga. Færni sem verður til í þriðja geiranum ætti að viðurkenna og nýta í auknum mæli í menntun og á vinnumarkaði. Forsenda þess er nánara samstarf þriðja geirans, fræðsluaðila og vinnumarkaðar.

Raunfærnimat þarfnast nýrrar hugsunar byggðrar á trausti í öllum geirum og sífellt koma fram ný úrlausnarefni sem sýna að þróun er að verða í þeim efnum.



## 17. FYLGISKJAL 1 ÚTRÁTTUR ÚR EVRÓPSKUM LEIÐBEININGUM UM MAT Á RAUNFÆRNI

Evrópusambandið hefur gefið út Evrópskar leiðbeiningar um mat á raunfærni sem mikilvægt er að hafa í huga í ferlinu.

### Réttur einstaklingsins

Meginregla við mat á raunfærni er að það sé gert að frumkvæði einstaklingsins. Því er réttur hans í brennidepli, allir eiga að hafa aðgang að raunfærnimati og njóta sömu meðferðar. Mikilvægustu atriðin eru friðhelgi einstaklingsins og réttur hans.

### Ábyrgð stofnana og hagsmunaaðila

Ábyrgðin er í samræmi við skyldur þeirra, ábyrgð og færni að veita einstaklingum aðgang að viðeigandi kerfi og aðferðir til þess að bera kennsl á og meta óformlega og formlausa

þekkingu. Innifalin eru viðeigandi gæðaviðmið. Hagsmunaaðilum ber að veita einstaklingunum ráðgjöf og upplýsingar um kerfin og aðferðirnar í ferlinu.

### Trúnaður og traust

Grundvallarforsenda fyrir framkvæmd raunfærnimats er trúnaður og traust. Ferli, aðferðir og færni viðmið þurfa að vera aðgengileg, skýr, gagnsæ og samkvæmt gæðaviðmiðum.

### Lögmæti og trúverðugleiki

Lögmæti og trúverðugleika ferla og aðferða raunfærnimats má tryggja með þátttöku og skuldbindingu viðeigandi hagsmunaaðila í ferlinu. Lögmæti byggir ekki síst á trausti og hlutleysi þeirra.



## 18. FYLGISKJAL 2 FULLTRÚAR Í NORRÆNA SÉRFRÆÐINGANETINU UM MAT Á RAUNFÆRNI

**Danmörk:** Kirsten Aagaard, NVR Nationalt Videncenter for Realkompetencevurderinger, Århus. Agnethe Nordentoft, DFS Dansk Folkeoplysnings Samråd, København

**Finnland:** Anni Karttunen, Savon ammatti- ja aikuisopisto, Savon vocational college, Kuopio. Raija Timonen, Utbildningsstyrelsen, Helsingfors

**Ísland:** Haukur Harðarson, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Reykjavík  
Fjóra María Lárusdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Reykjavík

**Noregur:** Odd Haddal, Folkehøgskolekontoret, Oslo

Margrethe Steen Hernes, Vox Nasjonalt fagorgan for kompetansepolitikk, Oslo

**Svíþjóð:** Per Andersson, Linköpings universitet, Linköping. Anna Kahlson, Myndigheten för yrkeshögskolan, Västerås

**NVL** (Norrænt tengslanet um nám fullorðinna): Asta Modig, Skolverket Stockholm, Sverige



**nvl**

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna  
[www.nordvux.net](http://www.nordvux.net)



**norden**

Norræna ráðherranefndin

Norræna ráðherranefndin styrkir Sérfræðinga-  
netið fjárhagslega gegnum NVL